

55

3. marz

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánstofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkur nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

56

3. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist sem hér segir:

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslensku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólustjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann:

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunnir að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvisun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti.

Á eftir j-lið kemur nýr liður, sem verður k-liður, svo hljóðandi: sé 18 ára 56 að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, 3. marz enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skirteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskirteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. þessari grein.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir;

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.

20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist sem hér segir:

Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.

21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

56

3. marz

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist sem hér segir:
Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.
50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist sem hér segir:
Greinatölurnar 4., 6., . . . 48. verði þannig:
4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40.,
42. og 44.

Í stað „Skirteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“
komi:

Skirteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku
á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.

Skirteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.

Orðin „Hið minna skipstjóraskirteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.

Orðin „Hið minna stýrimannsskirteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.

59. gr. laganna falli burt, en í stað hennar komi ný gr., sem verði 55. gr. og
hljóði svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita
æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum
allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla.

Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og
Vélstjórafélags Íslands.

60.—63. gr. laganna verði 56.—59. gr.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 13. jan. 1938, um viðauka við
l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og l. nr. 85
14. maí 1940, um breyt. á þeim lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd
þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

12. gr.

Á eftir 59. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim,
er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða
smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sér-
stakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núver-
andi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn
í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum
skólustjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiski-
mannasambandi Íslands.

6. gr.

56

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í 3. marz
lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

Þeir menn, sem öðlzt hafa skipstjórnarréttindi samkv. l. nr. 104 23. júlí 1936
á skipum allt að 75 rúmlestum, eru 35 ára, hafa verið skipstjórar eða stýrimenn
á skipi yfir 30 rúmlestir í 5 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að
vera skipstjórar eða stýrimenn á skipi allt að 85 rúmlestum.

13. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra og 1.—4. gr.
l. nr. 97 11. júní 1938 inn í lög nr. 104 23. júní 1936 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

57

um gjald af söluverði fisks erlendis.

3. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu
greiða gjald í rikissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskaflla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur
með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir
fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skatt-
stjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal
hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum
þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og
skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag
Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun
skatts á tekjur.